

AUGLÝSING

um bann við veiði göngusilungs í sjó í Ólafsfirði.

1. gr.

Bönnuð er veiði göngusilungs í net í sjó í Ólafsfirði á tímabilinu frá 15. maí til 15. ágúst ár hvert, í umdæmi Ólafsfjarðarkaupstaðar, frá mörkum við Dalvíkurbæ að mörkum við Héðinsfjörð.

Allar netaveiðar fyrir silung eru þannig bannaðar í firðinum, tvo kílómetra út frá stórstraumsfjörumáli, á fyrrgreindu tímabili.

Þó skulu ábúendur á lögbýlunum Syðri- og Ytri-Gunnólfsá hafa rétt til að leggja hvor um sig, tvö net til veiði á göngusilungi í netlögum fyrir sínu landi, þ. e. 115 m út frá stórstraumsfjörumáli.

2. gr.

Um brot á ákvæðum þessarar auglýsingar fer eftir XVI. kafla laga nr. 76/1970.

Bann þetta er sett skv. heimild í 6. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. júlí 1984.

Jón Helgason.

Ragnheiður Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 44 8. febrúar 1984, um stjórn
botnfiskveiða 1984.

1. gr.

Við 12. gr. reglugerðarinnar sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 144 1984, bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Við úthlutun meðalaflamarks til báta í ákveðnum flokki er heimilt að breyta magni einstakra fisktegunda ef sýnilegt þykir að þeir geti ekki nýtt sér ákveðnar fisktegundir, enda raskist ekki við þessa breytingu heildaraflaverðmæti aflamarksins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 82 28. desember 1983, til öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. júlí 1984.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kjartan Júlíusson.